

Nd. 917. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Orðin „endrum og sinnum“ í 2. mgr. falli burt.
 - b. Við greinina bætist: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga með bifreiðum til skemmliferða.
2. Við 9. gr.
 - a. Greinin orðist þannig:

Félögum og einstaklingum, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en löggin gengu í gildi, skal veitt sérleyfi til flutninga á sömu leiðum, enda fullnægi þau (þeir) þeim kröfum, sem gerðar verða um þessa flutninga.
 - b. Á eftir kemur ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.